

Fundargerð 77. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: rafrænt á Teams

Tími: 29.3.2023 14:30

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST), Baldur Dýrfjörð (BD)

Dagskrá:

1. Fundargerð 76. stjórnarfundar

Samþykkt.

2. Næsta málþing

HSP og SGS leggja til að málþingi verði frestað fram á haustið.

3. Undirbúningur ársfundar

Skv. reglum ætti aðalfundur að vera í apríl. Höfðum áður rætt um hvort það væri gaman að halda fund til heiðurs Jónasi Elíassyni heitnum, t.d. með umfjöllun um flóðahönnunaraðferðina 1M5. Hann gaf út flóðahandbókina. HSP spyr hvort til sé listi yfir greinar sem hann hefur skrifað. Rætt um hvort einhver náinn samstarfsmaður hans gæti farið yfir þeirra reynslu af hans starfsferli og hans framlagi til geirans. Gæti verið annað erindi í kjölfarið frá einhverjum úr geiranum þar sem rætt er hvernig hans vinna nýtist í praktik í hönnun og svo hugsanlega erindi um hvar þessar rannsóknir standa núna. HÓA ræðir við aðila úr rannsóknarsamfélaginu og HSP við aðra. Möguleg dagsetning væri fimmtudagurinn 27.apríl klukkan 14:00.

Möguleg dagskrá:

14:00 Aðalfundastörf

14:30 Heiðurserindi

14:45 Hagnýting á hans vinnu í hönnun

15:00 Flóðarannsóknir í dag

15:15-16:00 Léttar veitingar og umræður

4. Önnur mál

BD minnst á að það verði fagþing Samorku á Selfossi í maí og að þar verði erindi um hönnun fráveitulagna og rennislismælingar og efnagreiningar í fráveitu.

Fundi var slitið kl. 15:15. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@or.is